



Úti er ævintýri- Jóladagskrá 2020



Miðstöð útivistar og útináms býður að vanda uppá skemmtilega jóladagskrá í Gufunesbæ fyrir **leikskóla, yngsta stig grunnskóla og frístundaheimili** í Reykjavík. Í aðdraganda jóla og áramóta er við hæfi að skella sér í skemmtilegan jólasveinaleik á útisvæði frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar. Dagskráin er hönnuð og aðlöguð með Covid sóttvarnir í huga svo öllum ætti að vera fært að njóta með okkur svo lengi sem aðgerðir verða ekki hertar enn frekar.

Við minnum á að hópastærð miðast við einn bekk (15-30 nemendur) og móttaka hópa er án endurgjalds fyrir stofnanir SFS í Reykjavík en bóka þarf fyrirfram á [heimasíðu miðstöðvarinnar](#).

Tekið er á móti hópum eins og hér segir:



Jóladagskrá - 23.nóvember-18.desember 2020

- ✓ **mánudaga, miðvikudaga og föstudaga** frá kl. **10:00 til 12:00** og **14:00-16:00**
- ✓ Leikskóli, yngsta stig grunnskóla og frístund (1-4. bekkur)
- ✓ Hópastærð miðast við einn bekk (15-30 nemendur)
- ✓ Jóladagskrá
 - **Jólaævintýri: Saga í tjaldi og leitin af jólasveinunum** – leikskóli
 - **Jólasveinaratleikur** – elsti árgangur leikskóla, yngsta stig grunnskóla og frístund



Allar upplýsingar um dagskrá og bókanir er að finna á [heimasíðu okkar](#) Eins er hægt að hafa samband í síma 411-5600 eða með því að senda póst á muu@reykjavik.is



Hlökkum til að sjá ykkur sem allra flest!

Miðstöð útivistar og útináms



MÚÚ 
Miðstöð útivistar og útináms